

Alþingi
Landsmál nr. P 127/1083
Mánudagur 8.3.2002

Stykkishólmi, 6. mars, 2002.

Landbúnaðarnefnd Alþingis,
150 Reykjavík.


Í bréfi landbúnaðarnefndar Alþingis frá 22. febrúar s.l. er ég beðinn um umsögn um “frumvarp til laga um eldi og heilbrigði sláturdýra, 505. mál”.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að kjötskoðunargjald hækki úr 2,50 kr í 3,46 kr á hvert kg skoðaðs kjöts eða um 38 %. Heildargjaldtakan mun því hækka úr ca 53 í 73 milljónir króna á ári.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að “gjaldinu er ætlað að standa straum af raunkostnaði við heilbrigðiseftirlit með sláturafurðum í sláturhúsum”. Mér finnst ólíklegt að störf héraðsdýralækna upp á 10 milljónir á ári í sláturhúsum séu ofmetin. Hins vegar treysti ég mér ekki til að meta viðbótarþörf eftirlitssjóðsins upp á 63 milljónir á ári. Til þess þyrfti ég að hafa séð reikninga sjóðsins og hvernig fjármunum hans er varið. Í athugasemdunum stendur “þá hafa útgjöld Eftirlitssjóðsins orðið mun meiri en gert hafði verið ráð fyrir og stafar það aðallega af hækkunum á gjaldskrá dýralækna fyrir eftirlitið en hún er staðfest af landbúnaðarráðuneytinu”. Þetta kemur mér mjög á óvart þar sem ég tel að mörg ár séu síðan gjaldskrá dýralækna sem landbúnaðarráðuneytið staðfestir var lögð niður og “eftirlitsdýralæknar” í sláturhúsum vinna á föstu kaupum sem t.a.m. er talsvert lægra en almennt gerist með laun heilbrigðisfulltrúa við eftirlit hjá sveitarfélögum.

Að lokum vil ég benda hæstvirkri landbúnaðarnefnd Alþingis á að skoða vandlega hverjir það voru sem fengu “samhljóða bréf”. Helmingur héraðsdýralæknanna sem þarna er tilgreindur fékk ekki endurráðningu eftir að hafa verið sagt upp störfum fyrir þrem árum. Það virðist nú einhvern veginn hafa gleymst og kannski er nú fundin skýring á því hvers vegna þeim voru ekki þökkuð vel unnin störf um áratuga skeið.

Virðingarfyllt,


Rúnar Gíslason, héraðsdýralæknir.

